



Grímshagi 2 – Fyrirspurn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. maí 2023 var lögð fram fyrirspurn Trípólí ehf., dags. 21. apríl 2023, um að setja kvisti á norðurhlið hússins og síðar meir samskonar kvist á suðurhlið á lóð nr. 2 við Grímshaga, samkvæmt tillögu Trípólí arkitekta, dags. 21. apríl 2023. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar, dags. 21. apríl 2023.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 Tillaga hönnuða á nýjum kvistum, dags. 21. apríl 2023

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Landnotkun gildandi aðalskipulags er íbúðarsvæði (ÍB3).

Deiliskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi nýja kvisti á norðurhlið hússins og seinna meir á suðurhlið. Grímshagi 2 er einlyft timburhús á háum kjallara og með risi. Húsið var byggt árið 1906 og fellur undir 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 þar sem kveðið er á um að hús sem reist voru árið 1923 eða fyrr séu friðuð. Fyrirsprjandi leitaði álits Minjastofnunar Íslands á breytingunni og segir í umsögn stofnunarinnar sem dagsett er þann 21. apríl 2023:

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við breytingar á Grímshaga 2, Hólabrekku, samkvæmt tillögu Trípólí arkitekta sem er í samræmi við upphaflegan byggingarstíl hússins. Frágangur glugga og aðrar breytingar á ytra borði skal taka mið af upphaflegum stíl hússins. Aðaluppdrætti skal senda Minjastofnun til yfirferðar og samþykktar.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
- Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist umsókn ásamt uppdráttum.

f.h skipulagsfulltrúa

/Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt.